Breiðamerkursandur er eitt þekktasta og fjölsóttasta svæði landsins. Ekki þarf þó að fara nema nokkra áratugi aftur í tímann til að við blasi allt annar veruleiki því langt fram á tuttugustu öldina var Breiðamerkursandur með fáförnustu svæðum landsins. Breytingar hafa einnig orðið á mörgum öðrum sviðum á Breiðamerkursandi, meðal annars vegna hraðrar þróunar í landmótun jökulsins á svæðinu. Í vissum skilningi má því segja að breytingar og andstæður einkenni Breiðamerkursand.

Árið 2017 var stór hluti Breiðamerkursands friðlýstur og felldur undir Vatnajökulspjóðgarð. Þar með komust málefni svæðisins í ákveðna höfn eftir nokkuð langvarandi tímabil óvissu. Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar hófst í ársbyrjun 2019. Nokkrum vikum eftir að sú vinna fór af stað samþykkti ríkisstjórnin að Ísland fullgildi Evrópusamning um landslag.

Í þessari rannsókn hafa viðhorf einstaklinga sem tengjast Breiðamerkursandi í gegnum atvinnustarfsemi verið skoðuð. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að viðmælendur leggja megináherslu á verndun náttúru svæðisins. Nálgun Evrópusamnings um landslag hefur verið mátuð við væntingar viðmælenda og aðstæður á Breiðamerkursandi. Dregin er sú ályktun að leiðir Evrópusamningsins séu gagnlegar til að mæta þeim áskorunum sem fylgja friðlýsingu Breiðamerkursands.

Landscape has been an essential factor in nature conservation in Iceland ever since the first act of nature conservation came into force in 1956. Today, landscape is still important in this context, not in the least with regard to national parks. Vatnajökull National Park is no exception.

Breiðamerkursandur has gone through dramatic changes during the last few decades. The changes are not limited to those driven by the glacial retreat in the area, even if they are substantial and far-reaching. Breiðamerkursandur, which was by many considered to be one of the most remote areas in Iceland until the late 20th century, has now become one of the most visited landmarks in Iceland.

In 2017, most of Breiðamerkursandur became part of Vatnajökull National Park. This marked the end of an era of uncertainty for the area. A management plan for Breiðamerkursandur has been under development since the beginning of 2019. Just a few weeks after this work was initiated, the Icelandic Government decided to ratify the European Landscape Convention.

This study examines the views of people that have been active in different sectors within the Breiðamerkursandur area. The study shows that nature conservation in Breiðamerkursandur is seen as a main priority. Circumstances in Breiðamerkursandur and the opinions expressed by the interviewees are studied from the viewpoint of the European Landscape Convention. It is concluded that the convention can provide relevant methods to meet the challenges of the conservation protection of Breiðamerkursandur.



Líffræði / Biology

## Varplíffræði íslenskra þrasta (e. Breeding biology of Icelandic thrushes)

Nemandi / Student: Hulda Elísabet Harðardóttir

Leiðbeinendur / Advisors: Gunnar Þór Hallgrímsson, Snæbjörn Pálsson

### Ágrip / Abstract

Verkefnið tengir saman þætti í varplíffræði skógarþrasta (*Turdus iliacus coburni*) og svartþrasta (*T. merula*). Skógarþröstur hefur orpið á Íslandi svo öldum skiptir en stöðugur stofn af svartþröstum hefur aðeins orpið hér síðan á árunum 1990-2000. Rannsóknunum á báðum tegundum er ábótavant á Íslandi og sérstaklega samspili þeirra á milli frá landnámi svarþrastarins. Rannsóknin var framkvæmd á tveimur árum, sumrin 2017 og 2018 í Fossvogskirkjugarði í Reykjavík. Fyrsti hluti verkefnisins fjallar um ýmsa þætti í varplíffræði þeirra, þar með talið lengd varptíma, val á hreiðurstæði og varpárangur. Markmiðin voru sú að varpa ljósi á varplíffræði þessara tegunda á Íslandi og athuga hversu vel þessum tegundum gengur í samkeppni um auðlindir sín á milli. Annar kaflinn leggur áherslu á aðferðir notaðar við stærðarmat á varpstofni þrastanna. Þar voru markmiðin að athuga hvort punkttalningar á syngjandi karlfuglum gefi gott stærðarmat miðað við lágmarks fjölda hreiðra sem fundust á sama svæði. Þriðji kaflinn leggur áherslu á að athuga hvort blóðsníkjudýr séu til staðar í íslenskum skógarþröstum. Markmiðin voru að athuga hvort blóðsníkjudýr finnast í íslenskum skógarþröstum og einnig að athuga hvort blóðsníkjudýr smitast í fugla innan Íslands.

This thesis integrates in three separate chapters some aspects in the breeding biology of the Eurasian redwing (*Turdus iliacus coburni*) and the Eurasian blackbird (*T. merula*). The redwing has been breeding in Iceland for centuries while the blackbird colonized between 1990-2000 and is still a relatively scarce breeding bird outside SW-Iceland. Both species are understudied in Iceland despite many valuable research questions, especially on interactions between the species due to the recent colonisation of the blackbird. The study was conducted in two consecutive summers in 2017 and 2018, in Fossvogur cemetery located centrally in Reykjavik Iceland. The first chapter focuses on various aspects off their breeding biology including timing, nest site selection and breeding success. The aims were to shed light on their breeding biology in Iceland and to see how well these species do when competing for resources in the same habitat. The second chapter focuses on methods in estimating breeding population densities of Icelandic thrushes. The aims were to see if using point counts of singing males would give a reliable estimate of density compared to the minimum number of nests in the area. The third chapter focuses on the prevalence of blood parasites in Icelandic redwings. The aims were to see if blood parasites were present in the blood of Icelandic redwings and look for evidence if birds get infected within Iceland.



Líffræði /Biology

## Um uppruna æðarfugla, *Somateria mollissima* í Færeyjum og á Íslandi

(e. On the origin of the Common Eiders, *Somateria mollissima*, in the Faroe Islands and Iceland)

Nemandi / Student: Elisabeth Knudsen

Leiðbeinendur / Advisors: Snæbjörn Pálsson, Jón Einar Jónsson

### Ágrip / Abstract

Æðarfugl, *Somateria mollissima*, er stór sjöönd sem skiptist upp í sex undirtegundir sem eru dreifðar umhverfis norðurpól. Undirtegundirnar eru skilgreindar útfrá landfræðilegri dreifingu útlitsbreytileika og hafa æðarfuglar í Færeyjum og á Íslandi verið flokkaðir til undirtegundanna *S. m. faeroeensis* og *S. m. borealis*. Markmið þessa verkefnis er að prófa stöðu þessara tveggja undirtegunda með samanburði við aðrar undirtegundir æðarfugla. Sýnum var safnað í Færeyjum og á Íslandi sumarið 2017. Fjaðrir af kvenfuglum á æxlunartíma var safnað fyrir erfðarannsókn og staðlaðar útlitsmælingar gerðar af sömu fuglum. Auk þess, var safnað gögnum úr fyrri rannsóknum á undirtegundum tegundarinnar. Greiningar á breytileika í DNA fjögurra erfðavísa, tveggja í kjarna DNA og tveggja í hvatbera, sýna að það er erfðafræðileg aðgreining milli hinna sex undirtegunda. Æðarfuglar frá Færeyjum eru aðgreindir frá öðrum undirtegundum og svipa þeir mest til æðarfugla frá vesturlandi og Hjaltlandseyjum. Æðarfugl frá norðurlandi eru hinsvegar erfðafræðilega ólíkir þeim á vesturlandi og eru þeir mögulega blandaðir af undirtegundunum *S. m. mollissima* og *S. m. borealis*. Þó aðgreining allra undirtegundanna uppfyllti ekki reglu Amadons, þá var marktækur munur á útliti þeirra.

The Common eider, *Somateria mollissima*, is a large sea duck with a Holarctic distribution, composed of six subspecies. The subspecies statuses are formed on the basis of morphological data and the Common eiders in the Faroe Islands and Iceland have been assigned to the subspecies *S. m. faeroeensis* and *S. m. borealis*, respectively. The aim of this study is to examine the subspecies statuses of the Faroese and Icelandic Common eider populations with comparisons to other eider subspecies. Samples for genetic and morphological analysis were collected in the Faroe Islands and Iceland during the summer of 2017. Feathers from breeding females were collected for DNA extraction, while standardized measurements were taken of the same birds. Additionally, previously analyzed specimens from several studies were obtained for other eider subspecies. Sequence analysis of four nuclear and mtDNA markers, show that there are genetic differences among the six Common eider subspecies. While the eiders in the Faroe Islands comprise a distinct population with closest similarity to eiders from western Iceland and the Shetlands, the population in northern Iceland appears to be a mixture of the nominate subspecies *S. m. mollissima* and *S. m. borealis*. Although Amadon's rule did not distinguish all the current subspecies, there was significant difference among the them based on Mahalanobis distances calculated from three variable morphometrics.



Umhverfis- og auðlindafræði / Environment and Natural Resources

## Hlutverk og mikilvægi trjáa í Reykjavík, Íslandi (e. The Role and Importance of Trees in Reykjavík, Iceland)

Nemandi / Student: Alexis Marie Neukirch

Leiðbeinendur / Advisors: Benjamin Hennig, Þórólfur Jónsson

### Ágrip / Abstract

Þéttbýlstré veita dýrmæta vistfræðilega og samfélagslega þjónustu sem nýtist borgum og íbúum þeirra; samt sem áður, viðhorf til þessara trjáa eru mismunandi á milli staða. Þessi rannsókn varðar mikilvægi þéttbýlstrjáa fyrir íbúa Reykjavíkur á Íslandi og metur þá þætti í viðhorfum til þeirra. Rannsókn þessi sameinar eigindleg viðtöl við fimm sérfræðinga um skógarnýtingu í þéttbýli og megindlega könnun sem 163 Reykvíkingar tóku þátt í. Niðurstöðurnar sýna fram á að borgarskipulag tekur ákvarðanir um gróðursetningu trjáa út frá hagnýtum eiginleikum þeirra, t.d. eiginleiki þéttbýlis-trjáa til að hindra vind, eða eru tré gróðursett í landslagsskyni. Niðurstöðurnar sýna einnig fram á að íbúar eru ekki nægilega meðvitaðir um tré í þeirra nágrenni. Svör þeirra spurninga úr könnuninni sýna fram á að íbúar trúa því að tré hafa jákvæð áhrif og vaxa vel í þeirra hverfi, þrátt fyrir þetta eru íbúar óvissir um hvort þeir séu ánægðir með þau tré sem nú þegar vaxa í hverfinu þeirra. Nokkrir sósíaldemókratískir þættir hafa áhrif á viðhorf íbúa, til dæmis aldur þeirra eða uppruni. Íbúar sem ólust upp á landsbyggðinni voru talsvert minna líklegir að taka undir þá staðhæfingu að opin svæði þykja hefðbundnari og íslenskari en skógarsvæði heldur en þeir sem ólust upp í Reykjavík. Þau tré sem eru í Reykjavík eru öll undir áhrifum aðgerða þéttbýlisskipulags og skynjun hins almenna borgara. Einungis með skilvirkum samskiptum þéttbýlisskipuleggjanda og almennings, auk þess að taka ákvarðanir út frá viðhorfum hvers svæðis fyrir sig, getur þéttbýlisskógur þrífist og á þennan máta verða kostir skógarins hámarkaðir fyrir alla íbúa.

Urban trees provide valuable ecological and social services that benefit cities and their residents; however, attitudes towards trees vary by region. This study investigates the importance of urban trees for residents of Reykjavik, Iceland and assesses factors influencing their attitudes. The research combines qualitative interviews with five local experts on urban forestry with a quantitative questionnaire survey of 163 residents in Reykjavik. The results show that planners make decisions based on a practical role of trees as wind blocks or for landscaping, while residents lack awareness of trees in the urban area. The responses to the questionnaire demonstrate that residents believe that trees have positive effects and grow well in their neighborhood, yet they are less clear about whether they are satisfied with the current trees in their respective neighborhoods. Several sociodemographic factors influence attitudes, such as age or people's origin. Residents raised in rural Iceland were significantly less likely to agree that open spaces are more traditionally Icelandic than areas with trees than those raised in Reykjavik. The trees in Reykjavik is heavily influenced by actions of urban planners and perceptions of citizens. Only through clear communication with the public and decision-making informed by regionally specific attitudes can an urban forest thrive and maximize the benefits of trees for all residents.

Eftirlit með stofnum laxfiska með fjarstýrðu loftfari:  
tilviksrannsókn á Bleikju á Íslandi

(e. Monitoring salmonid populations using unmanned aerial  
vehicles: a case study of Arctic charr in Iceland)

Nemandi / Student: Silvia Garcia Martinez

Leiðbeinendur / Advisors: Benjamin Hennig, Kalina Kapralova

Ágrip / Abstract

Laxfiskar eru mjög viðkvæmir fyrir umhverfisbreytingum og getur minnsta breyting á umhverfisaðstæðum þeirra leitt til hnignunar og jafnvel stofnhruns. Eftirlit með atferli þeirra á hrygningastöðum, nánar tiltekið laxfiskahreiður (e. redds), getur með tímanum hjálpað okkur að skilja virkni stofnsins og síðar útbúa áætlun til þessa að vernda tegundina. Aftur á móti eru aðferðir til þessa að áætla fjölda nýtttra hreiðra, til að mynda eftirlit eða handvirk talning, bæði erfiðar og kostnaðarsamar og geta falið í sér villur í túlkun. Markmiðið með þessari rannsókn er að þróa áreiðanlegar og áhrifaríka fjarkönnunar verklýsingu til þess að aðstoða við frekari rannsóknir og eftirlits verkefni til þess að að greina breytingar á þéttleika hreiðrana. Rannsóknin einblínir á hrygningarstöðvar silunga (*Salvelinus Alpinus*) í Þingvallavatni og Elliðarvatni (Ísland). Vötnin tvö eru ólík hvað umhverfisskilyrði varðar og gerir okkur því kleift að rannsaka og bera saman ýmis flokkunar reikniforrit. Gögnum var safnað með loftmyndum úr fjarstýrðu loftfari (e. drone) í júlí og nóvember árið 2018. Notast var við kostnaðarlítið loftfar (UAV) sem tók myndir af sýnilegu ljósi, með stafrænum myndavélanema. Við notuðum þróuð reikniforriti með hálfsvífurkum fjarkönnunar myndgreiningum og flokkunar aðferðum til þess að bera kennsl á hrygningarstöðvar silungsins í báðum vötnum sem við að lokum bárum saman, í þeim tilgangi að koma á fót aðferð fyrir komandi rannsóknir. Niðurstöðurnar sýna fram á að UVA kerfin eru hentug við umhverfiseftirlit í grunnnum vötnum á Íslandi. Samt sem áður, þarf að hafa ýmis umhverfisskilyrði í huga þegar verið er að útvega myndefnið, til dæmis staðsetning sólar, skýjafar, tærleiki vants og vindhraði. Flokkunin í þessari rannsókn skilaði nákvæmni upp á 90% við almenna flokkun en þegar koma að því að greina silungahreiðrin skilaði flokkunin nákvæmni upp á 72% til 76%.

Salmonids are very susceptible to environmental changes and any shift in environmental conditions can lead to population decline or even population collapse. Monitoring the activities at their spawning grounds and more specifically their redds (salmonid nests) over time will help understand the population dynamics of salmonid species and subsequently, create strategies for species conservation. However, basic and costly methodologies like observations or manual counting to estimate the number of active redds are difficult and involve potential errors of interpretation. The goal of this study is to develop a reliable and efficient remote sensing protocol to aid future research and monitoring efforts with identifying changes in salmonid redd density. The study focuses on the spawning grounds of Arctic charr (*Salvelinus Alpinus*) in Thingvallavatn and Ellidarvatn (Iceland), two lakes with different environmental characteristics which allows for testing and comparing various classification algorithms. Data were collected by an aerial drone image survey during July and November of 2018, using a low-cost unmanned aerial vehicle (UAV) with standard visible-light images (red, green, blue spectral bands) from a digital camera sensor. We applied advanced algorithms of semi-automatic remote sensing image analysis and classification methods and we identified the spawning grounds of Arctic charr and compared the results of the two study areas to establish a procedure for future applications.

The results indicate that UAV systems are suitable for environmental monitoring of shallow water in lakes in Iceland. However, several environmental conditions have to be kept in mind while obtaining the images such as sun angle, cloud cover, water clarity, and wind speed. The classifications in this study reached overall accuracies of up to over 90 per cent while detecting the actual Arctic charr redds reached accuracies of 72 to 76 per cent.



Umhverfis- og auðlindafræði / Environment and Natural Resources

## Vöktun á loftbornum flúor í gróðri (e. Monitoring of airborne fluorides in plants)

Nemandi / Student: Sigrún Hrönn Halldórsdóttir

Leiðbeinendur / Advisors: Pröstur Þorsteinsson, Einar Sveinbjörnsson

### Ágrip / Abstract

Mælingar á flúorstyrk í gróðri í umhverfi álversins í Straumsvík hafa verið framkvæmdar í 50 ár (frá árinu 1968) í tengslum við umhverfisvöktun á mengunarefnum frá verksmiðjunni. Niðurstöður mælinga hafa þó aldrei verið teknar saman á heildstæðan hátt og rýndar. Meginmarkmið þessa verkefnis var að taka saman allar mælingar árána 1968-2017 í samræmdan gagnagrunn og greina niðurstöður þeirra. Uppsöfnun flúors í gróðri var sett í samhengi við þróun framleiðsluaukningar, bættar mengunarvarnir og þær upplýsingar sem liggja fyrir í erlendum rannsóknum á efninu. Tekin voru saman veðurgögn til þess að leggja mat á hvernig mengun getur dreifst út frá Straumsvík og athugað hvort einhverjir sýnatökustaðir séu úttsettari fyrir mengun en aðrir. Framkvæmd vöktunar á flúor í gróðri hefur verið nánast óbreytt frá upphafi. Sýni hafa verið tekin af barr-, lauftrjám og grasi á föstum sýnatökustöðum sem dreifðir eru um höfuðborgarsvæðið. Einnig hafa verið tekin sýni í Skorradal í Borgarfirði og niðurstöðurnar þaðan notaðar sem bakgrunnsgildi. Niðurstöður sýna að flúorstyrkur gróðurs fellur eftir því sem dregið hefur úr útblæstri álversins vegna bættra mengunarvarna. Niðurstöður sýndu jafnframt að flúor safnast upp í plöntuvef á vaxtartíma plöntunnar. Sérstaklega er mikil fylgni á flúorstyrk í eins og tveggja ára barrnálum ( $R^2=0,86$ ). Mælingar sýna að hár styrkur flúors hefur mælst í birkitrjám á Garðaholti í Garðabæ. Einnig eru Hellisgerði og Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði undir meira álagi en aðrir sýnatökustaðir þar sem birki hefur verið rannsakað. Niðurstöður verkefnisins og greining á framkvæmd flúorvöktunar í gróðri síðustu 50 ár er hægt að nýta til þess að bæta mengunarvöktunaráætlun álversins. Tillögur til betrubóta eru m.a. fjölgun sýnatökustaða á þeim svæðum sem sýnt hafa að eru undir meira álagi og endurskoðað verði val á sýnategundum.

For the past 50 years fluorine content in vegetation has been monitored near the aluminum smelter in Straumsvík, Hafnarfjörður. The results from the field sampling have been analyzed from one year to the next but long-term changes have not been assessed in a broader perspective. The main objective of this study was to create database and assess the monitoring results from 1968-2017. Changes and development of fluorine content in plants were evaluated with regards to increased production and better techniques to reduce emission from the smelter. In addition, weather conditions are considered to assess how airborne fluorine from the smelter distributes and whether some sampling points are more exposed to pollution than others. The official monitoring program has not changed much since the beginning of the monitoring in 1968. The samples are from needles, leaves, and grass taken at various sampling points that are spread over the capital area and having one sampling zero-point at Skorradalur in Borgarfjörður, that is assumed to be free of any fluorine contamination from the smelter. The results from the investigation show that fluorine content in the vegetation decreases with decreased fluorine emission from the smelter. Fluorine does accumulate in vegetation with time and there is an especially strong correlation ( $R^2=0,86$ ) between one and two-year-old needles. Leaves in Garðaholt, Hellisgerði and Hvarleyrarvatn show more stress than others. The results from this study can be used to improve the official sampling program and reorganise the monitoring, especially at places that show more stress than others.



Umhverfis- og auðlindafræði / Environment and Natural Resources

## Orðræðan um kortlagningu á umhverfisþekkingu frumbyggja (e. Discourses on Mapping and Indigenous (Environmental) Knowledge)

Nemandi / Student: Miryam Blachfellner

Leiðbeinendur / Advisors: Karl Benediktsson, Jón Geir Pétursson

### Ágrip / Abstract

Með því að veita hópum og þjóðum frumbyggja óskoraðan yfirráðarétt yfir landi sínu er reynt að verja þær fyrir efnahagslegum þrýstingi og varðveita um leið þekkingu þeirra. Með vísan til sérstaks sambands frumbyggjanna við náttúruna er hugmyndin að unnt sé að verja það umhverfi sem þeir fara með stjórn á fyrir ásælni markaðsafla. Beitt er kortlagningu ásamt lagalegum röksemdum við að afmarka yfirráðasvæði slíkra hópa til að styðja við kröfur til landsins og tryggja hinn óskoraða yfirráðarétt. Markmiðið með þessari ritgerð er að greina orðræðuna um kortlagningu lands og þekkingar frumbyggja. Kenningar Foucaults um fornminjafræði þekkingar eru notaðar við þessa greiningu, ásamt hugtaki Derridas um afbyggingu. Rýnt er í sannleiksáhrif slíkrar kortlagningar, sem og spurningin um valdeflingu (eða andstæðu hennar) sem í kortlagningunni felast. Ennfremur eru raktar þær röksemdir sem komu fram í málaferlum og dómi í málinu Mayagna (Sumo) Awas Tingni gegn Nicaragua. Lyktir þessa dómsmáls mörkuðu siðferðilegan sigur fyrir frumbyggjahópa, settu fordæmi fyrir kröfugerð þeirra um landréttindi og gerði skylt að beita kortlagningu í slíkum tilfellum. Í orðræðunni kemur í ljós hvernig vísindarannsóknir teikna upp tiltekna mynd af tilvist frumbyggja, sem ákvarðar hvernig þeir geta fært fram sjónarmið sín. Kortlagningin eykur lögmæti krafna þeirra með því að gera þá sýnilega. Örnefni heimafólks eru skjalfest, sem vinnur gegn þeirri þöggun sem felst í að örnefni frumbyggja eru annars ekki notuð. En aukinn sýnileiki ryður einnig brautina fyrir yfirtöku, markaðsvæðingu og eftirlit af hálfu stjórnvalda. Því til viðbótar stuðlar slík kortlagning að þekkingarfræðilegri samlögun. Þýða verður ýmis rýmishugtök frumbyggja, sem aftur leiðir til þess að merking týnist eða þynnist út með blöndun við aðra menningu. Lífshættir frumbyggjanna, sem ætlunin var að vernda, geta því spillst við kortlagningu umhverfis þeirra og þekkingar á því.

Indigenous peoples/nations are sought to be protected from the mainstream economy, and their knowledge preserved, by giving them exclusive land use rights ('communal fix'). Thereby, due their human-nature relations, the environment under their governance is thought to be protected from the influence of market forces ('ethno-environmental fix'). The cartographic-legal-strategy, i.e. mapping Indigenous territories, is applied for claiming, establishing and securing those exclusive land use rights. Drawing on Foucault's archaeology and Derrida's deconstruction, this study aims at analyzing the discourses on the mapping of Indigenous lands and knowledge. The research's truth effects, and the question of (dis)empowerment therein, are subject to examination. Furthermore, the lines of argumentation during litigation and the judgment in the case of Mayagna (Sumo) Awas Tingni v. Nicaragua are analyzed as this moral victory of Indigenous people set a precedent for their land rights claims and made mapping obligatory. The discourses unravel how the place of Indigeneity as constructed within scientific research (re)produce the opportunity structures for Indigenous articulation. While legitimacy is established by visibility and 'toponymic silences' are addressed by mapping Indigenous place names, the revelation/visibility of Indigenous knowledge renders its appropriation, commodification and state surveillance possible. Indigenous peoples thereby increasingly become subject to market forces and state regulations. Moreover, the mapping process fosters epistemological assimilation, as Indigenous concepts of space are subject to translation, where meaning is lost, and livelihoods are hybridized. Thus, the Indigenous ways of living, which were sought to be protected might be corrupted in the process.